

LÖG
um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012
(tilkynningar um heimilisofbeldi).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. mgr. 17. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Enn fremur er heilbrigðisstarfsmanni heimilt, að beiðni sjúklings, að tilkynna til lögreglu heimilisofbeldi eða ofbeldi í nánu sambandi sem ógnað getur lífi eða heilsu sjúklings. Í slíkum tilvikum er heimilt að miðla til lögreglu almennum persónuupplýsingum sjúklings, upplýsingum um áverka sjúklings ásamt öðrum upplýsingum sem varða ofbeldið og aðstæður sjúklingsins og eru taldar nauðsynlegar í þeim tilgangi að lögregla geti gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nauðsynlega vernd og stuðning við sjúkling.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 2023.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Willum Þór Þórsson.

A-deild – Útgáfudagur: 19. júní 2023